

## Íbúaráð Kjalarness 8. febrúar 2024: Tillaga íbúaráðs Kjalarness um eflingu strætóþjónustu í borgarhlutanum

Lagt er til að íbúaráð Kjalarness beini því til umhverfis- og skipulagsráðs að efla þjónustu Strætó á leið 29 með eftirfarandi aðgerðum. 1. Með tíðari ferðum (30 mínútna tíðni) á annatíma milli 07:00 – 09:00 og frá 14:30 til 20:00. 2. Tryggja þarf að fleiri en fjórir einstaklingar komist í ferð, en brögð hafa verið að því að bíll hafi fyllst og viðskiptavinir ekki komist með í ferðir. 3. Bæta inn stoppistöð á leið 29 við nýja hringtorgið fyrir neðan Esjuberg á Vesturlandsvegi og hinu megin við Vesturlandsveg við Vík, slíkt bætir aðgengi bæði fyrir þá sem nýta gönguleiðir á svæðinu og þá sem sækja vinnu á stóra vinnustaði í nágrenninu. 4. Tryggja öruggt aðgengi farþega frá stoppistöðinni á Esjumelum að Esjurótum með göngustíg svo gangandi vegfarendur þurfi ekki að ganga við hættulegar aðstæður meðfram Vesturlandsvegi frá Esjumelum að Esjurótum.

### Greinargerð:

Nokkuð hefur borið á umkvörtunum íbúa vegna strætóþjónustu á Kjalarnesi. Til dæmis að þjónusta sé ekki nægilega tíð á leið 29. Þá hafi farþegar lent í því að komast ekki með í ferðir á leið 29 þar sem fjöldi farþega hefur verið umfram þann fjölda sem rúmast í bílinn. Frá því að stoppistöðin við Esjurætur (Mógilsá) hætti í notkun á leið 57 hefur íbúaráði borist til eyrna frá íbúum og vegfarendum í Kollafirði að fólk gangi frá stoppistöðinni við Esjumela að Esjurótum í vegöxl Vesturlandsvegur en hámarkshraði á veginum er 90km á klukkustund og umferðarþungi þar mikill og því skapast mikil slyshætta þegar fólk gengur meðfram veginum þessa leið sem er u.þ.b. einn kílómetri. Þá hafa íbúar óskað eftir því að leið 29 stoppi á fleiri stöðum eins og til dæmis við fjölmenna vinnustaði við Vesturlandsveg.